

## ATVINNUVEGANEFND ALÞINGIS

Nefndasvið – Kirkjustræti

150 Reykjavík

Dags. 11. Maí 2023



**Efni: Þingskjal 1524 — 976. mál.** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).

Undirritaðir lýsa yfir fullum stuðningi við frumvarp fyrirhugaðra breytinga og telja ljóst að stýring veiða með aflamarki í grásleppu muni leiða af sér ótvíræða hagkvæmni, sjálfbærni, stöðugleika, öryggi og fyrirsjáanleika veiða og vinnslu. Þá muni breytingarnar stuðla að nákvæmari, skarpari og meiri getu til sóknar inná nýja markaði og aukinnar vöruþróunar. Óvissan minnkar til muna og ólympískar veiðar með tilheyrandi umhverfisáhrifum hverfa. Því meiri sem fyrirsjáanleiki veiða og vinnslu er; því líklegri til árangurs. Það gildir um allar tegundir.

Ljóst var fyrir áratugum síðan að íslensk stjórnvöld hafa valið að stýra veiðum úr nytjastofnum við Ísland með aflamarki. Það hefur gefist vel og miklu betur en bjartsýnustu raddir töldu í upphafi. Hver tegundin á fætur annarri, hefur ratað inn í þá veiðistjórnun; hvar grásleppan á heima.

Mikill meirihluti (tæp 80%) allra grásleppuútgerða hringinn í kring um landið; að vinnslunum meðtöldum, hefur ítrekað lýst yfir vilja sínum undanfarin ár til þess að fá grásleppuna undir aflamarksstýringu; þannig að hún lúti sömu veiðistjórnun og aðrir nytjastofnar.

Telja má með vissu að um sé að ræða hátt í 300 aðila sem hafa skorað á stjórnvöld að gæta hagsmuna þeirra með þeim hætti. Útgerðir, vinnslur og sveitarfélög með mikla hagsmuni undir.

Öll þau rök sem tíunduð hafa verið með þessu frumvarpi og fyrri frumvörpum og eiga við aðrar helstu tegundir; eiga sannarlega við grásleppuna og jafnvel miklu frekar vegna tiltölulega stuttra veiðitímabila og þeirrar miklu óvissu sem ríkt hefur. **Varlega ber þó að fara með allar svæðaskiptingar í ljósi sögunnar um aflabrest á milli svæða, náttúrlegra sveiflna og veiðiskyldu. Viðmiðunarárin eru einföld og skýr. Markmið, útskýringar og framsetning frumvarps til fyrirmyndar.** SG myndi þiggja boð nefndarinnar um samtal.

*Virðingarfyllst fh. grásleppuútgerða og vinnslu á Húsavík – til áratuga.*

Jóhann Gunnarsson – Sóley ÞH – Tel. 852 1552

Sigurður Kristjánsson – Ósk ÞH – Tel. 860 3895

Gunnar Gunnarsson – Eyrún ÞH – Tel. 893 3334

Þórður Birgisson – Máni ÞH – Tel. 866 6959

Guðmundur A. Hólmgeirsson – Aron ÞH – Tel. 893 1105

Stefán Guðmundsson – Aþena ÞH – Tel. 898 2514

Gunnlaugur K. Hreinsson – GPG Seafood – Tel. 894 7247

